

Handbók um umferðarmerki

Viðvörðunarkerki Flokkur 100

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025




Efnisyfirlit

Viðvörunarmerki	3
Almennar reglur um viðvörunarmerki (100)	5
Götun og málsetning	6
Götun 700 mm viðvörunarmerkja	6
Götun 900 mm viðvörunarmerkja	7
Gerðir viðvörunmerkja	8
100 Hættuleg beygja	8
102 Hættulegar beygjur	9
104 Brött brekka	10
106 Vegur mjókkar	11
108.1 Ósléttur vegur	11
108.2 Holur	12
109 Hraðahindrun	12
110 Vegavinna	13
111 Vegheflun	14
112 Steinkast	14
114 Grjóthrun	15
115 Skert sýn vegna veðurs	15
116.1 Sleipur vegur	16
116.2 Ísing á vegi	16
117.1 Há slitlagsbrún	16
117.2 Ótryggur vegkantur	17
120 Bryggjusvæði	17
122 Jarðgöng	17
124 Hættuleg vegamót	18
125 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang	18
126 Hringtorg	19
132 Umferðarljós	20
140 Gangbraut	20
141 Gangandi vegfarendur	21
142 Börn	21
144 Hjólandi vegfarendur	22
146 Dýr	22
148 Tvístefnuakstur	23
149 Umferðartafir	24
150 Lágflug	24
152 Sviptivindur	25
153 Slys	25
154 Vélavinna	25
155 Reiðmenn	26
156 Önnur hætta	26
Tafla um lágmarks radíus beygju og aðferð til að meta radíus beygju	28
Lágmarks radíus beygju	28
Aðferð til að meta radíus beygju	28
Sjónlengdartafla – Vegsýn í hönnunargögnum	29

Viðvörðunarkerki

				
100.1 Hættuleg beygja til hægri	100.2 Hættuleg beygja til vinstri	102.1 Hættulegar beygjur	102.2 Hættulegar beygjur	104.1 Brött brekka
				
104.2 Brött brekka	106.1 Vegur mjókkar	106.2 Vegur mjókkar	106.3 Vegur mjókkar	108.1 Ósléttur vegur
				
108.2 Holur	109 Hraðahindrun	110 Vegavinna	111 Vegheflun	112 Steinkast
				
114.1 Grjóthrun, snjóflóð	114.2 Grjóthrun, snjóflóð	115 Skert sýn vegna veðurs	116.1 Sleipur vegur	116.2 Ísing á vegi
				
117.1 Há slitlagsbrún	117.2 Ótryggur vegkantur	120 Bryggjussvæði	122 Jarðgöng	124 Hættuleg vegamót

				
125.1 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	125.2 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	125.3 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	125.4 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	125.5 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.
				
125.6 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	125.7 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.	126 Hringtorg	132 Umferðarljós	140 Gangbraut
				
141 Gangandi vegfarendur	142 Börn	144 Hjólandi vegfarendur	146.1 Dýr	146.2 Dýr
				
146.3 Dýr	146.4 Dýr	146.5 Dýr	146.6 Dýr	148 Tvístefnuakstur
				
149 Umferðartafir	150.1 Lágflug	150.2 Lágflug	152.1 Sviptivindur	152.2 Sviptivindur
				
153 Slys	154 Vélavinna	155 Reiðmenn	156 Önnur hættu	

Almennar reglur um viðvörðunarkerki (100)

Reglugerð um umferðarmerki:

Viðvörðunarkerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða að sérstök hættu sé á vegi.
Viðvörðunarkerki skal vera jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt af hornum þríhyrningsins skal snúa upp. Á gula fletinum skal vera svartlituð táknmynd þeirrar hættu sem framundan er.

Vinnureglur um notkun:


Stærð viðvörðunarkerkja skal vera sem hér segir:

Gerð	Lengd hliðarlínu (mm)	Breidd jaðars (mm)	Hornaþvermál (mm)
	A	a	r
Venjuleg	700	70	20
Stærri	900	90	30

Að jafnaði skulu viðvörðunarkerki vera í 200 m +/- 50 m fjarlægð frá þeim stað eða svæði sem varað er við í hverju tilfalli, nema þar sem sérstakar aðstæður krefjast annars eða að annað er tekið fram.


Heimilt að nota fleiri en eitt merki ef hinn hættulegi vegarkafli er lengri en 500 m.


Utan þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð merkja (SS).
Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð merkja (SS).



Götun og málsetning

Götun 700 mm viðvörðunarkerkja



Götun 900 mm viðvörunarmerkja

Gerðir viðvörunmerkja

100 Hættuleg beygja



100.1
Hættuleg beygja til hægri



100.2
Hættuleg beygja til vinstri

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé stök beygja sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er takmörkuð. Merkið tekur breytingum í samræmi við stefnu beygjunnar.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Hættuleg beygja er t.d. þar sem:

- **beygjuradíus** miðað við umferðarhraða er **minni** en í töflu um radíus beygju.
- **vegsýn** að beygju er **minni** en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali - viðvörunarmerki)
- beygjan kemur á eftir löngum beinum kafla

Sýnilegar beygjur:

Merkin skal staðsetja um 50-100 metrum áður en beygja hefst.

Beygjur sem eru ekki sýnilegar:

Merki skal staðsetja þar sem beygjan hefst. Að auki skal nota annað merki 200-300 metrum framar auk undirmerkis

802.1 **200 m**.

Sjá nánar töflu um radíus beygju og aðferð til að meta hann (aftast í skjali - viðvörunarmerki)

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Innan þéttbýlis skal einungis nota þessi merki í undantekningartilfellum.

Annað: Með þessum merkjum má nota undirmerkið 812 **40**.

102 Hættulegar beygjur



102.1
Hættulegar beygjur
(sú fyrsta til hægri)



102.2
Hættulegar beygjur
(sú fyrsta til vinstri)

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli með tveimur eða fleiri hættulegum beygjum. Merkið tekur breytingum í samræmi við stefnu fyrstu beygju.

Annað: Ef beygjur eru fleiri en tvær skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki 804.1 **200-800m**.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Hámarks lengd slíkra kafa má vera allt að 1,5 km og á fáförnum vegum, árdagsumferð (ÁDU) minni en 50 bílar á sólarhring, allt að 3 km. Ekki er nauðsynlegt að setja merki báðum megin við vegkafa, þó aðstæður krefji merkis öðru megin.

Hættuleg beygja er t.d. þar sem:

- **beygjuradíus** miðað við umferðarhraða er **minni** en í töflu um radíus beygju (aftast í skjali).
- **vegsýn** að beygju er **minni** en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali)
- beygjan kemur á eftir löngum beinum kafa

Sýnilegar beygjur:

Merkin skal staðsetja um 50-100 metrum áður en fyrsta beygjan hefst.

Beygjur sem eru ekki sýnilegar:

Merkin skal staðsetja um 200-300 metrum áður en fyrsta beygjan hefst.

Sjá nánar töflu um radíus beygju og aðferð til að meta hann (aftast í skjali)

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Innan þéttbýlis skal einungis nota þessi merki í undantekningartilfellum.

Annað: Með þessum merkjum má nota undirmerkið 812 **40**.

104 Brött brekka.


104.1



104.2

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé brött brekka með þeim halla, sem fram kemur á skiltinu í prósentum. Merkið tekur breytingum eftir því hvort ekið sé upp (104.1) eða niður (104.2) brekkuna.

**Vinnureglur um notkun (brött brekka upp á við):****Merki skal eftirfarandi brekkur:**

- Malarvegi með 12% halla eða meira
 - Vegi með bundnu slitlagi með 10% halla eða meira
- Gefa skal upp á merkinu mestan halla á samfelldum 100 m.

Merki skal brekkur sem eru 400 m eða lengri.

Ef brekkan er 500 m eða lengri skal gefa upp lengd hennar á undirmerki 804.1

200-800m

Merki þetta skal sett upp 150 - 300 m áður en komið er að brekku.

**Vinnureglur um notkun (brött brekka niður á við):****Merki skal eftirfarandi brekkur:**

- Malarvegi með 10% halla eða meira
 - Vegi með bundnu slitlagi með 8% halla eða meira.
- Gefa skal upp á merkinu mestan halla á samfelldum 100 m.


Merki skal brekkur sem eru 200 m eða lengri.

Ef brekkan er 500 m eða lengri skal gefa upp lengd hennar á undirmerki 804.1

200-800m

Merki þetta skal sett upp 150 - 300 m áður en komið er að brekku.

Annað: Til útskýringa þá er 10% halli að samsvara lækkun á einum lengdarmetra um 10 sentimetra. Myndirnar hér að neðan sýna þetta svo í metrum.



106 Vegur mjókkar



106.1
Vegur mjókkar



106.2
Vegur mjókkar frá hægri



106.3
Vegur mjókkar frá vinstri

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að vegur mjókki verulega. Merkið tekur breytingum í samræmi við þá átt sem vegur mjókkar frá.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota við verulega þröngingu á vegi með háum hámarkshraða og þéttri umferð. Heimilt er að nota merkið á öðrum vegum til að vekja athygli á þröngingu vegar þar sem þröngingin er ekki auðsjáanleg í nægilegri fjarlægð.

Merkið er einkum notað:

- við þversniðsbreytingu á vegi, sérstaklega þegar vegbreidd fer undir 5,5 m.
- við þröngar brýr, undirgöng og þess háttar.
- við þröngingu á vegi til að draga úr hraða, það er þó ekki krafa í húsagötum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 30 km/klst. eða lægri.

Óheimilt er að nota merkið til að gefa til kynna fækkun akreina í sömu átt.

Merkið skal alltaf nota þar sem sjónlengd að verulegri þröngingu vegar er minni en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali).

Sjá nánar um notkun merkjanna í reglum um vinnusvæðamerkingar.

108.1 Ósléttur vegur



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem miklar ójöfnur eru á yfirborði akbrautar.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota áður en komið er að kafla þar sem nauðsynlegt er fyrir ökumann að draga úr hraða vegna ójafna á vegi. Merkið skal ekki nota þar sem hraði umferðar er það lítill að ekki stafar hættu af, þ.e. að ójöfnur eru einungis til óþæginda.

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Merkið er að jafnaði ætlað til tímabundinnar notkunar. Heimilt er í undantekningartilfellum að nota merkið til að vara við viðvarandi ástandi.

Lengd eða fjarlægð að viðkomandi svæði skal gefin upp á undirmerki 802.1 **200 m** eða 804.1 **200-800m**.

Merkið skal nota á vinnusvæðum ef vegur er grófur eða illur yfirferðar utan vinnutíma og ástæða er talin til að vara ökumenn sérstaklega við.

108.2 Holur



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem holur hafa eða geta skyndilega myndast í yfirborði vegar með bundnu slitlagi.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið þar sem hola eða önnur vegskemmd er á vegi sem ekki hefur verið unnt að bregðast við með öðrum hætti eða þar sem sérstök hætta er á holumyndun vegna ástands vegarins eða annarra aðstæðna.

Merkið er einungis ætlað til tímabundinnar notkunar en ekki til að vara við viðvarandi ástandi.

Annað:

Heimilt er að nota merkið með undirmerki 804.1 **200-800m** til skýringar við fyrstu holu eða vegskemmd í slitlagi.

109 Hraðahindrun



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé hraðahindrun. Merki þetta ber að nota þar sem sett hefur verið upphækkun á veg til að draga úr hraða umferðar.

Vinnureglur um notkun :

Merkið skal nota þar sem sett hefur verið hindrun á veg til að draga úr hraða umferðar og leyfilegur hámarkshraði á vegi er yfir 30 km á klukkustund. Merkið skal sett upp 0 – 15 m fyrir hindrunina.

Heimilt er að nota merkið þar sem leyfilegur hámarkshraði á vegi er 30 km á klukkustund/klst. eða lægri, þar sem sérstök ástæða er til að vara við hindrun á vegi.

Utan þéttbýlis skal annað merki sett upp að lágmarki 150 m áður en komið er að hindruninni og fjarlægð að henni gefin upp á undirmerki 802.1 **200 m**.


Heimilt er að setja upp merki 913  við hindrun til frekari viðvörðunar.

Heimilt er að nota merkið með undirmerki 804.1 **200-800m** til skýringar við fyrstu upphækkun í götu, í stað þess að merkja hverja hindrun í götu.

Undirmerki 808.1 **Texti-skýring** með áletruninni „Við hraðakstur“ skal nota með merkinu til að vara við hraðahindrun sem virkjast ef ekið er hraðar en á leyfðum hámarkshraða.

Almennt er ekki er þörf á að nota merkið við upphækkanir sem eru í gatnamótum eða þétt við gatnamót þar sem umferð hægir á sér vegna gatnamótanna.

Dæmi um notkun á merkjum 109 og 802.1



110 Vegavinna



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan séu framkvæmdir á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

111 Vegheflun

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé unnið að viðhaldi malarvegjar með veghefli.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem unnið er að vegheflun í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglana sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

112 Steinkast

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem hættu er á steinkasti.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem lögð hefur verið ný klæðing eða gert hefur verið við klæðingu og hættu er á steinkasti. Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglana sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Heimilt er að nota merkið annars staðar þar sem hættu er á steinkasti.

Lengd hættusvæðis skal gefin upp á undirmerki 804.1 **200-800m**.

Þá skal nota merkið þar sem átt hafa sér stað blettaviðgerðir á lengri en 50 m köflum og umferð geti stafað hættu af steinkasti eða lausu yfirborði.



Þar sem malarvegur tekur við vegi af bundnu slitlagi skal nota 156  ásamt undirmerki

842.2



MALBIK ENDAR

114 Grjóthrun



114.1

Grjóthrun, snjóflóð,
frá hægri

114.2

Grjóthrun, snjóflóð,
frá vinstri**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé hættu á grjóti á vegi, grjóthruni eða snjóflóði. Merkið tekur breytingum í samræmi við þá átt sem hrúnhætta er úr.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkin þar sem veghaldari telur ástæðu til að vara sérstaklega við hættu á grjóthruni, snjóflóðum eða aurskriðum.

Lengd eða fjarlægð að viðkomandi svæði skal gefin upp á undirmerki 802.1 **200 m** eða 804.1 **200-800m**.

115 Skert sýn vegna veðurs

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem líkur á skertri vegsýn vegna veðurs, svo sem þoku, eru meiri en almennt gerist. Merkið er fyrst og fremst notað sem breytilegt umferðarmerki.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vara við sérstakri hættu á skertri vegsýn vegna veðurskilyrða.

Merkið er fyrst og fremst notað sem breytilegt umferðarmerki en heimilt er að nota það sem hefðbundið merki þar sem veghaldari telur þörf á.

116.1 Sleipur vegur



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem sérstök hættu er á að vegur sé mjög sleipur eða háll.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið á vegarkafli þar sem sérstök hættu er á að vegur sé sleipur eða háll, svo sem á brúm með timburgólfi, vegarköflum með háu tjöruinnihaldi á yfirborði og vegarköflum með mikilli lausamöl.

Undirmerki 848.5  er heimilt að nota ef við á.

Óheimilt er að nota merkið til að vara við hefðbundinni hálkumyndun eða ísingu. Í slíkum tilvikum skal nota merkið

116.2 . Lengd svæðis skal gefa upp á undirmerki 804.1  nema þar sem ljóst er við hvaða kafla er átt, t.d. við brýr.

116.2 Ísing á vegi



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé vegarkafli þar sem hættu er á óvæntri ísingu á vegi.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vara við sérstakri hættu á hálkumyndun vegna ísingar. Sé hættan tíma- eða árstíðabundin skal merkið ekki standa uppi utan þess tíma.

117.1 Há slitlagsbrún



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna háa brún slitlags við vegöxl.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið þar sem hættu er talin stafa af hæð slitlagsbrúnar við vegöxl. Merkið er einungis ætlað til tímabundinnar notkunar en ekki til að vara við viðvarandi ástandi.

Merki þetta skal nota þar sem brún slitlags er a.m.k. 5 sm hærri en vegöxl.

Þar sem brún slitlags er 10 sm eða hærri en vegöxl skal jafnframt lækka umferðarhraða.

Líta ber á þetta merki sem bráðabirgðamerki.

117.2 Ótryggur vegkantur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að vegkantur beri ekki þung ökutæki.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vara við ótryggum vegkanti fyrir þung ökutæki.

Merkin skal nota á vegum í viðauka I í reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja þegar vegkantur ber innan við 10 tonna áspunga.

Lengd svæðis skal gefin upp með undirmerki 804.1 **200-800m**.

Líta ber á þetta merki sem bráðabirgðamerki.

120 Bryggjussvæði

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé bryggja, hafnarkantur eða ferjulægi.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota á bryggjussvæði sem opið er fyrir almenna umferð.

Heimilt er að nota merkið til að vara við bryggjussvæði sem lokað er fyrir almenna umferð ef ástæða þykir til.

Merkið má nota þegar hættu er á útafkeyrslu þar sem vegur kemur beint inn á bryggju eða annað hliðstætt svæði þar sem sama hættu er til staðar.

122 Jarðgöng

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan séu jarðgöng.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota áður en komið er að jarðgöngum sem ekki eru merkt með sérstakri upplýsingatöflu. Fjarlægðar að

jarðgöngunum skal getið á undirmerki 802.1 **200 m** ef vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu (aftast í skjali).

Öllu jafnan er merkið sett upp um 300 - 500 m áður en komið er að jarðgöngum.

124 Hættuleg vegamót



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan séu hættuleg vegamót þar sem umferð frá hægri hefur forgang.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð frá hægri hefur forgang og:

- takmörkuð vegsýn á vegamótin getur komið vegfarendum á óvart, eða
 - sýn á hliðarveg er takmörkuð á vegamótunum
 - þar sem slys á fólki hafa verið skráð á vegamótunum, jafnvel þó að vegsýn að vegamótum og á hliðarveg sé nægileg.
 - eða þar sem aðrar aðstæður mæla sérstaklega með.
- Í þéttbýli er merkið aðeins notað þar sem sérstakar aðstæður mæla með því.

Fjarlægðar að vegamótum skal getið á undirmerki 802.1 **200 m**. Ef vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu (aftast í skjali) skal að auki hafa merkið með 802.1 **500 m** í 500 m fjarlægð.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Innan þéttbýlis skal einungis nota merkið í undantekningartilfellum.

125 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang



125.1

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.2

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.3

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.4

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.5

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.6

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.



125.7

Hættuleg vegamót
þar sem umferð á
vegi hefur forgang.

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan séu vegamót þar sem umferð á vegi sem merkið stendur við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegum. Merkið tekur breytingum í samræmi við legu vegamótanna.

Annað: Merki þessi má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur

forgang gagnvart umferð af hliðarvegum, enda sé merkið 202  eða 204  við hliðarvegin.


Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkin er heimilt að nota áður en komið er að vegamótum á vegi þar sem umferð á vegi hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi.

Forgangur umferðar á vegi skal gefinn til kynna með merki 202  eða 204  á hliðarvegi.

Merki þessi má nota á aðalbraut þar sem sjónlengd frá aðalvegi að hliðarvegi er minni en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali) og þar sem umferð á aðalbraut er að jafnaði hröð, 80 km/klst eða meira.

Dæmi um notkun merkisins 125.4 þar sem útsýn er skert.



Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Merki þessi eru einungis notuð í undantekningartilfellum.

126 Hringtorg



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé hringtorg.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota með undirmerki 802.1  áður en komið er að hringtorgi utan þéttbýlis.

Heimilt er að nota merkið innan þéttbýlis þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á hringtorgi.




Annað: Merkið skal alltaf nota við hringtorg í dreifbýli. Merkin 126 og 802.1

 skulu vera á hægri kanti aðliggjandi akreinar 150 - 200 m frá hringtorgi.

Notkun merkisins skal vera í samræmi við vinnureglur um merkingar hringtorga (sjá rammareglur).

132 Umferðarljós



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan séu umferðarljós.

Annað: Merki þetta má nota þar sem æskilegt þykir áður en komið er að stað þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota með undirmerki 802.1 **200 m** áður en komið er að umferðarljósum utan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri. Merkið skal einnig nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að umferðarljósunum er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu (aftast í skjali).

Heimilt er að nota merkið annars staðar þar sem ástæða er til að vara við umferðarljósum framundan svo sem innan þéttbýlis þar sem sýn eru skert eða til að vara við tímabundnum umferðarljósum, s.s. vegna framkvæmda, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Heimilt er að nota merkið til að vara við að merkt gangbraut með gangbrautarljósum sé framundan. Æskileg staðsetning merkisins er 300 m áður en komið er að umferðarljósum.

140 Gangbraut



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé gangbraut.

Annað: Merki þetta má nota til að vara við því að gangbraut sé framundan, enda sé vegsýn takmörkuð eða umferð að jafnaði hröð. Æskilegt er að undirmerki 802.1 sé notað með þessu merki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að gangbraut sem ekki er á vegamótum og áður en komið er að gangbraut sem á vegamótum þverar veg þar sem umferð á aðalveginum er í forgangi gagnvart umferð á hliðarvegum. Merkið skal staðsett 150 – 200 m áður en komið er að gangbraut og fjarlægðin tilgreind á undirmerki

802.1 **200 m**.

Innan þéttbýlis er heimilt að nota merkið áður en komið er að gangbraut sem ekki sést nógu vel eða umhverfi vegarins gefur ekki nægjanlega skýrt til kynna að þar megi vænta gangandi vegfarenda. Merkið skal staðsett 50 – 100 m áður en komið er að gangbraut og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 **200 m**.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að gangbraut þar sem umferð er stýrt með umferðarljósum. Í slíkum tilvikum er heimilt að nota merkið 132

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að gangbraut á upphækkun. Í slíkum tilvikum er heimilt að nota merkið 109

141 Gangandi vegfarendur.



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi búast við umferð gangandi vegfarenda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að umferð gangandi vegfarenda er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu og hraði umferðar er að jafnaði 80 km/klst. eða hærri.

Heimilt er að nota merkið á öðrum stöðum þar sem gera má ráð fyrir meiri gangandi umferð en alla jafna er á vegum, t.d. á bæjarhlöðum, eða þar sem af öðrum ástæðum er þörf á að vara við umferð gangandi vegfarenda.

Ef merkið er notað þar sem vænta má umferðar sjón- eða heyrnarskertra vegfarenda skal auðkenna það með viðeigandi undirmerkjum, 840.1  eða 840.2 .

Lengd svæðis skal merkja með undirmerki 804.1 .

142 Börn



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi búast við börnum við veg.

Vinnureglur um notkun:

Merki þetta skal nota þar sem ökumenn þurfa að sýna sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði þar sem vænta má barna á ferð. Ástæðu viðvörðunar, svo sem „Börn á leið í og úr skóla“, „Skóli“ eða

„Leikvöllur“, má letta á undirmerki 808.1 .

Ekki er þörf á að nota merkið þar sem leikvelli eru vel afgirtir og þar sem undirgöng / brýr eru fyrir gangandi vegfarendur.

Þar sem búast má við umferð eða leik barna á eða samhliða vegi skal merkja lengd hættusvæðis á undirmerki 804.1



144 Hjólandi vegfarendur



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi búast við mikilli umferð reiðhjóla og/eða léttra bifhjóla í flokki I þvert á veg eða að slík umferð þurfi að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem vegsýn að stað sem varað er við er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu (aftast í skjali) og leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri.

Merkið skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg sem ekki er á vegamótum eða þar sem hjólréiðamenn þurfa að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður. Merkið skal nota þar sem umferð á aðalvegi er í forgangi gagnvart umferð á hliðarvegi Merkið skal staðsett 150 – 200 m áður en komið er að þverun hjólastígs yfir

veg og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 **200 m**.

Innan þéttbýlis er heimilt að nota merkið áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg sem ekki er á vegamótum eða þar sem hjólréiðamenn þurfa að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður. Merkið skal staðsett 50 – 100 m

áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 **200 m**. Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að þverun hjólastígs yfir veg þar sem umferð er stýrt með

umferðarljósum. Merki 132  skal nota við slíkar aðstæður eftir því sem við á.

Óheimilt er að nota merkið þar sem umferð hjólandi vegfarenda er í forgangi gagnvart umferð vélknúinna ökutækja. Þar sem þörf er á að árétta forgang umferðar hjólandi gagnvart umferð vélknúinna ökutækja skal nota merkið 202



146 Dýr



146.1



146.2



146.3



146.4



146.5



146.6

Reglugerð um umferðarmerki (drög):

Merki þetta gefur til kynna að nauðsynlegt sé að sýna sérstaka aðgát vegna dýra á eða við veg. Merkið tekur breytingum eftir því hvaða dýrum varað er við. Á merkinu geta því t.d. verið hestar, hreindýr, fuglar, nautgripir, sauðfé eða kanínur.

Annað:

Hestar* - Merki þetta má nota til að vara við því að hestar gangi lausir á vegsvæði.

Hreindýr** - Merki þetta má nota til að vara við því að hreindýr gangi laus á vegsvæði þar sem umferð er mikil og að jafnaði hröð.

Nautgripir - Merkið má nota þar sem sjónlengd að yfirrekstrarsvæði nautgripa er minni en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali) og þar sem umferð er að jafnaði hröð, 80 km/klst. eða meira

Sauðfé* - Merki þetta má nota til að vara við því að sauðfé gangi laust á vegsvæði þar sem umferð er mikil og að jafnaði hröð.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið á vegarköflum þar sem sérstök ástæða er til að vara við dýrum á vegsvæði. Ef hættan er tíma- eða árstíðabundin skulu merkin ekki standa uppi utan þess tíma.

Heimilt er að nota myndir eftirtaldra dýra á merkið: Sauðfé, hestar, nautgripir, hreindýr, fuglar með ófleyga unga og kanínur.

Vegagerðin getur heimilað að myndir af öðrum dýrum séu notuð á viðvörðunarkerki. Myndtákn af dýrum sem hlotið hafa samþykki Vegagerðarinnar skal getið í teikningum á heimasíðu Vegagerðarinnar.

*Merkið má setja þar sem ársdagsumferð (ÁDU) er meiri en 2000 bílar á dag og þar sem hún er að jafnaði hröð, 80 km/klst. eða meira.

**Merkið má setja þar sem ársdagsumferð (ÁDU) er meiri en 500 bílar á dag og þar sem hún er að jafnaði hröð, 80 km/klst. eða meira.

Lengd eða fjarlægð að viðkomandi svæði skal gefin upp á undirmerki 802.1 **200 m** eða 804.1 **200-800m**.

148 Tvístefnuakstur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að umferð sé í báðar áttir eftir vegi eða stíg.

Vinnureglur um notkun:

Utan þéttbýlis eða þar sem hraði umferðar er að jafnaði 60 km/klst. eða hærri, ber að nota merkið þar sem vegarkafli með tvístefnuakstri kemur í beinu framhaldi af einstefnuakstursvegi, vegi með aðskildum akstursstefnum eða við aðrar aðstæður þar sem hættan er á misskilningi varðandi akstursstefnur.

Þegar merkið er notað þar sem hraði umferðar er að jafnaði 60 km/klst. eða hærri, skal það sett upp að lágmarki 100 m áður en komið er að vegarkafli með tvístefnuakstri.

Heimilt er að nota merkið á öðrum stöðum þar sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á tvístefnuakstri.

Merkið skal nota þar sem unnið er að framkvæmdum á eða við veg í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

149 Umferðartafir

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi vænta tafa vegna umferðar.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vara við umferðartöfum, sérstaklega á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri eða þar sem vænta má myndun biðraða og vegsýn er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu (aftast í skjali).

Merkið skal almennt nota sem breytilegt umferðarmerki en þó er heimilt að nota það sem hefðbundið umferðarmerki á stöðum þar sem oft myndast biðraðir.

Óheimilt er að nota merkið áður en komið er að ljósastýrðum vegamótum eða gangbrautum nema þess sé

sérstaklega þörf. Almennt skal við slíkar aðstæður nota merkið 132  eða 140 .

150 Lágflug



150.1



150.2

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé svæði þar sem loftfar sem hefur sig til flugs eða lendir á flugvelli kunni að fljúga lágt yfir nálægan veg. Merkið tekur breytingum þannig að flugvél stefni í átt að flugvelli.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vekja athygli á lágflugi loftfara.

Stefna táknmyndar flugvélar gefur til kynna hvorum megin vegar flugvöllur er.

Merkið má einungis nota við flugvelli, þar sem fast áætlunarflug er frá, en ekki við sjúkraflugvelli eða aðra minni háttar velli, sem einungis eru notaðir í neyðartilfellum eða fyrir einkaflug.

152 Svíptivindur



152.1



152.2

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan sé svæði þar sem miklir svíptivindar eru tíðir. Merkið tekur breytingum í samræmi við ríkjandi vindátt á svæðinu.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið þar sem hættu er á svíptivindum sem hafa áhrif á umferðaröryggi.

Stefna vindbelgsins skal gefa til kynna ríkjandi vindátt. Lengd svæðis skal gefin upp með undirmerki 804.1

200-800m

153 Slyss

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan hafi orðið slyss. Merkið er eingöngu notað sem breytilegt umferðarmerki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið má eingöngu nota sem breytilegt umferðarmerki til að vara við slysi á vegi.

154 Vélavinna

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi búast við umferð tengdri atvinnustarfsemi, á svæði sem ekki er lokað fyrir umferð gangandi vegfarenda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið má nota þar sem umferð tækja tengdri atvinnustarfsemi er innan um almenna umferð, s.s. á hafnarsvæðum.

155 Reiðmenn



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að framundan megi búast við umferð reiðmanna eða að reiðstígur þveri veg.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem vegsýn að þverun reiðvegjar yfir veg er skemmri en kemur fram en í sjónlengdartöflu (aftast í skjali) og hraði umferðar er að jafnaði 80 km/klst. eða hærri. Merkið skal staðsett 150 – 200

m áður en komið er að þverun reiðvegjar og fjarlægðin tilgreind á undirmerki 802.1 **200 m**.

Heimilt er að nota merkið þar sem reiðvegur liggur það nærri vegi að umferð gæti valdið hættu fyrir reiðmenn eða annars staðar þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð reiðmanna. Heimilt er þá að nota merkið ásamt

undirmerki 804.1 **200-800m**.

156 Önnur hættu



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna aðra hættu sem nánar er tilgreind á undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að vara við hættu sem ekki er getið á sérstöku viðvörðunarkerki. Ávallt skal nota undirmerki með merkinu sem gerir nánari grein fyrir þeirri hættu.

Merkið er m.a. notað með eftirfarandi undirmerkjum.

 NÝLÖGÐ KLÆÐING 842.1 Nýlögð klæðning	 MALBIK ENDAR 842.2 Malbik endar	 SEINFARINN VEGUR 844.1 Seinfarinn vegur	 ILLFÆR VEGUR 844.2 Illfær vegur
 BLINDHÆÐ 850.1 Blindhæð	 BLINDHÆÐIR 850.2 Blindhæðir	 EINBREITT SLITLAG 854.1 Einbreitt slitlag	

 TORLEIFI  GRÓFT TORLEIFI Aðeins stórir bílar EXTREME ROUGH Only large vehicles 844.3 Torleiði	 ÓBRÚAÐAR ÁR  ÓBRÚAÐAR ÁR Aðeins stórir bílar RIVER CROSSING Only large vehicles 846.3 Óbrúaðar ár	 EINBREIÐ BRÚ ONE LANE BRIDGE 854.2 Einbreið brú	 2,8m EINBREIÐ BRÚ ONE LANE BRIDGE 854.3 <i>Einbreið brú með þröngri akbraut.</i>
--	--	---	---

Dæmi um notkun merkisins með 854.2



Tafla um lágmarks radíus beygju og aðferð til að meta radíus beygju

Lágmarks radíus beygju

100 Hættuleg beygja og 102 Hættulegar beygjur

Merkin skal nota utan þéttbýlis áður en komið er að beygju eða beygjum þar sem beygjuradíus miðað við umferðarhraða er minni en í neðangreindri töflu og vegsýn að beygju er skemmri en í sjónlengdartöflu.

Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)	30	40	50	60	70	80	90	100	110
Lágmarks radíus beygju (m)	24	45	76	113	171	234	336	450	611

Aðferð til að meta radíus beygju

Til að meta radíus beygju er hægt að nota eftirfarandi aðferð:
Tæki: GPS tæki með vegalengdarmælingu:

Áður en beygja hefst er vegalengdin núllstillt og hornið inn í beygjuna skráð (a_1). Þegar beygjunni lýkur er vegalengdin lesin (S) og hornið í beygjunni skráð (a_2)

Radíus beygjunnar (R) reiknast samkvæmt eftirfarandi:

$$R = \frac{S * 360}{2\pi(a_2 - a_1)}$$

Í eftirfarandi töflu eru hámarkshorn (stefnubreyting $a_2 - a_1$) fyrir nokkrar vegalengdir (S) til að sjá hvort merkja þurfi beygju.

Gildi eru sýnd fyrir leyfðan umferðarhraða 80 og 90 km/klst.
Ef hornið er stærra en í töflunni miðað við ekna vegalengd og hámarkshraða þarf að merkja beygjuna.

Hámarks horn	max radíus 230 m	max radíus 330 m
Ekin vegalengd (m)	Hraði 80 km/klst	Hraði 90 km/klst
50	12°	9°
100	25°	17°
150	37°	26°
200	50°	35°
250	62°	43°
300	75°	52°
350	87°	61°
400	100°	69°
500	125°	87°
600	149°	104°
700	174°	122°
800	199°	139°
900	224°	156°
1000	249°	174°

Við upphaf og endi hvernar beygju eru klótóíður sem hafa minni radíus en beygjan sjálf og taka þarf tillit til þess þegar radíusinn er mældur.

Dæmi um notkun töflu:
Ekin er 300 m vegalengd og umferðarhraðinn er 90 km/klst. Ef hornið er minna 52° þarf ekki skilti en ef hornið er stærra þarf skilti.

Sjónlengdartafla – Vegsýn í hönnunargögnum

Sjónlengdartafla, stöðvunarlengd, mætilengd og framúraksturslengd

Þar sem vísað er til sjónlengdartöflu er átt við neðangreindar töflur:
Stöðvunarlengdir í metrum í dreifbýli:

Langhalli	Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)								
	30	40	50	60	70	80	90	100	110
-10%	26	40	59	82	113	149	189	234	288
0%	24	36	51	70	92	119	147	179	215
10%	23	34	47	62	81	102	124	149	177

Stöðvunarlengdir í metrum í þéttbýli:

Langhalli	Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)								
	30	40	50	60	70	80	90	100	110
-10%	22	35	52	74	103	138	176	221	273
0%	20	31	44	61	83	107	134	165	199
10%	19	28	40	54	71	91	112	135	162

Stöðvunarlengdir þar sem langhalli er annar en að ofan greinir, breytast línulega í samræmi við langhalla.
Mætilengd er tvöföld stöðvunarlengd að viðbætti 10 m öryggislengd. Mætilengd er óháð langhalla.
Lágmarks framúraksturslengd í metrum í beinni veglínu:

Leyfilegur hámarkshraði (km/klst.)	60	70	80	90	100
Lágmarks framúraksturslengd (m)	475	500	525	575	625